

fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli, öðrum en lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 66% gjaldsins með þremur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 3 ár á eftir, enda séu þá greiddir sömu vextir og af lánum Bygðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er bæjarráði að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld skal bæjarráði heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

12. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfossskaupstaðar staðfestist hér með skv. lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld núgildandi reglugerð nr. 626 frá 28. október 1981 um gatnagerðargjöld á Selfossi.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimaþjónustu aldraðra.

Heimilishjálp.

1. gr.

Fyrir hverja unna vinnustund, sem aldraður fær í heimilishjálp, skal greiða gjald sem nemur hálfu dagvinnutímakaupi í 4. launaflokki samkvæmt aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB frá 3. september 1982 (kr. 64,81 frá 1. júní 1983) að viðbættu orlofi.

Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða lægra gjald en 1. mgr. gerir ráð fyrir, enda beri sveitarsjóður að fullu þann kostnaðarauka sem því fylgir.

2. gr.

Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri, tekjutryggingu og aðrar uppbætur almannatrygginga.

3. gr.

Aldrei skal innheimta hærra gjald fyrir heimilishjálp en sem nemur 3/4 af tekjum umfram tekjulágmark 2. gr.

4. gr.

Að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra er rekstraraðila heimilt að gefa eftir að hluta greiðslu fyrir veitta heimilishjálp, enda sé heimilishjálpin veruleg. Skal þá tekið tillit til efnahags og annarra aðstæðna.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 27. gr. laga nr. 91/1982 um málefni aldraðra og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. ágúst 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 600

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda, fyrir árið 1982.

Tekju- og gjaldareikningur.

Iðgjöld	kr.	56.586.344,53
Iðgjöld framleiðenda 1982 skv. áætl.	—	15.277.000,00
Iðgjöld neytenda 1982	—	28.220.000,00
Iðgjöld framl. 1981, tilfærsla	—	÷ 23.770,55
Eldri iðgjöld	—	59.736,45
Iðgjöld launþega	—	51.052,49
Iðgjöld vinnuveitenda	—	79.973,51
Réttindaflutningur	—	÷ 24.709,20
Framlag Ríkissjóðs Íslands v/líf.gr.	—	8.090.981,34
Framlag Stofnlánadeildar landb. v/líf.gr.	—	4.856.080,49
Lífeyrisgreiðslur	kr.	36.194.907,49
Iðgjöld — lífeyrisgreiðslur	kr.	20.391.437,04
Framlag umsjónarnefndar eftirlauna	kr.	13.519.969,34
Framlag vegna eftirlauna	kr.	15.505.474,66
Endurgr. 5% iðgjaldaframlag 1981	—	64.494,68
5% iðgjaldaframlag 1982, áætlað	—	÷ 2.050.000,00